

Kjörstjórn getur þó ákveðið, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé öll kjörstjórnin sammála og allir umboðsmenn lista, sem mættir eru, samþykkja þá ákvörðun með undirritun sinni í kjörbókina. Hafi 80% eða fleiri kjósenda í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkvæmt 82. gr. nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar.

Er kosningu er lokið hinn fyrri kjördag skal um meðferð kjörgagna fara eftir ákvæðum 4. málsg. 128. gr.

Nú hefur veður hamlað kjörsókn á hinum tveimur kjördögum og getur þá kjörstjórn ákveðið, með sama hætti og segir í 3. málsg. 128. gr., og áður en kjörfundi lýkur hinn síðari kjördag, að kosningu verði fram haldið á kjörfundi næsta dag. Nægir að birta auglýsingu þar um í útvarpi. Um meðferð kjörgagna fer þá eftir ákvæðum 4. málsg. 128. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 35 9. maí 1970, um skipun prestakalla og
prófastsdæma og um kristnisjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

1. gr.

Í stað „39.—40.“ í 1. gr. VI. komi: 39.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist þannig:

Biskupi er heimilt að ráða tvo prestvígða menn til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum þar sem prestur er veikur eða prestakallið prestslaust af öðrum ástæðum. Ef þörf krefur er biskupi heimilt, með samþykki ráðherra, að ráða fleiri prestvígða menn til starfa skv. þessari grein.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.